

Dalvíkurbyggð
Börkur Þór Ottósson
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík 5. janúar 2021
UST202011-284/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Fólkvangur í Bökkvisstaðafjalli við Dalvík

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fólkvang í Bökkvisstaðafjalli.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin veitti umsögn varðandi drög að deiliskipulaginu 13. október sl.

Tilgangur skipulagsvinnunnar er að móta stefnu fyrir framtíðaruppbyggingu og nýtingu fólkvangsins. Innan hans er skíðasvæði sveitarfélagsins, skógrækt og gott berjaland. Í deiliskipulaginu verður gerð grein fyrir uppbyggingu skíðasvæðisins, mörkum skógræktar, stígum o.fl.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og telur hana ítarlega og greinargóða.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á vefsíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. <https://serstokvernd.ni.is/>.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð er vitnað í kafla 4.10.6 í gildandi aðalskipulagi og þar segir að ekki skuli plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða. Auk þess kemur fram í greinargerð að skógræktarsvæði verði afmarkað með tilliti til votlendis og forðast skuli rask á votlendi.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vegur

Í greinargerð kemur fram að heimilt er að bæta núverandi vegslóða frá Böggvisbraut upp að Böggvisdal, en í dag er vegurinn nýttur sem bændaslóði.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.


Við gerð skrárinnar fyrir vegi sem liggja innan fólkvangsins þarf sveitarfélagið að hafa samráð við Umhverfisstofnun og vegaskráin er jafnframt háð samþykki stofnunarinnar. Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningar Skipulagsstofnunar varðandi þennan þátt á heimasíðu stofnunarinnar https://www.skipulag.is/media/vegir-i-natturu-islands/vegirinatturuislands_v4.pdf



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur